

# **REGLUR GARÐABÆJAR UM STIGAGJÖF VIÐ ÚTHLUTUN FÉLAGSLEGRA LEIGUÍBÚÐA**

## **1. gr. Lögheimili**

Umsækjandi sem fær úthlutað leiguhúsnæði í Garðabæ skal hafa átt þar 12 mánaða lögheimilisfesti. Nefndinni er þó heimilt að víkja frá þessari reglu við mjög sérstakar og óvenjulegar aðstæður.

## **2.gr. Fjölskyldugerð**

Við mat á fjölskyldugerð fá hjón og sambýlisfólk 1 stig fyrir hvert barn og einstæðir foreldrar fá 2 stig fyrir fyrsta barn og síðan 1 stig fyrir hvert barn umfram það. Barn er sá sem er á aldrinum 0 til 18 ára. Til barna reiknast einnig barn umsækjanda sem er á aldrinum 18 til 20 ára ef það er í fullu námi í framhaldsskóla enda sé námið staðfest af skóla.

## **3. gr. Heilsufar og vinnugeta**

Við mat á vinnugetu skal gengið út frá því að umsækjandi sem hefur fulla starfsgetu fái ekkert stig. Eitt stig skal gefið ef umsækjandi er með skerta vinnugetu og skal þá miðað við 45 - 65 % örorku eða læknisvottorð sem staðfestir að umsækjandi hafi skerta vinnugetu, ótímabundið, vegna sjúkdóms.

Þrjú stig skulu gefin ef umsækjandi er óvinnufær og skal þá miðað við 75% örorku eða læknisvottorð sem staðfestir að umsækjandi sé óvinnufær til lengri tíma þ.e. ekki sé fyrirsjáanlegt hvenær hann geti hafið störf.

Ef um hjón eða sambúðarfólk er að ræða skal vinnugeta hvors um sig metin. Mest er hægt að gefa hjónum 4 stig.

Ef vinnugeta er skert vegna félagslegra aðstæðna sem kalla á stöðugleika í búsetu s.s. vegna barna á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 er gefið stig fyrir hvert barn.

Ef vinnugeta er skert vegna aldurs þ.e. umsækjandi er 60 ára og eldri er gefið 1 stig.

## **4. gr. Húsnæðisaðstæður**

Ef umsækjandi er húsnæðislaus, er á gistiheimili eða gestur hjá annarri fjölskyldu eru gefin 3 stig. Ef umsækjandi býr í heilsuspillandi húsnæði, hefur verið sagt upp húsnæði, eða á að rýma innan mánaðar eru gefin 2 stig.

Ef umsækjandi býr í of þröngu húsnæði, samkvæmt rökstuddri greinargerð starfsmanns er gefið 1 stig.

## **5. gr. Tekjur og eignir**

Þegar tekjur fjölskyldu eru reiknaðar er tekið mið af tekjum þeirra sem eru 18 ára og eldri. Þó ekki barna umsækjanda sem eru á aldrinum 18 – 20 ára ef þau stunda nám sbr. 2. gr.

Miða skal við viðmiðunarmörk skv. reglum Garðabæjar um fjárhagsaðstoð. Fyrir tekjur sem eru á bilinu 0-50% yfir kvarðamörkum skal gefa 3 stig, fyrir tekjur á bilinu 50 – 75% yfir kvarðamörkum skal gefa 2 stig og fyrir tekjur á bilinu 75 – 100% yfir kvarðamörkum skal gefa 1 stig. Ekkert stig er gefið fyrir tekjur sem eru 100% yfir kvarðamörkum og þar yfir.

**6. gr.  
Aldur**

Umsækjendur sem eru eldri en 67 ára fá 1 stig.

**7. gr.  
Fyrri umsóknir**

Umsækjandi sem á umsókn sem er eldri en 1 árs og hefur búið við óbreyttar aðstæður þann tíma fær 1 stig.

Samþykkt í Fjölskylduráði dags. 26. september 2002  
Samþykkt í bæjarráði 8. október 2002